



ÉG OG BEKKURINN MINN

LEIÐBEININGAR FYRIR
KENNARA



Til að auka skilning og virðingu milli fólks þurfum við að upplýsa hvort annað um hver við erum og hver bakgrunnur okkar er.

Ákjósanlegt er að fólk komi saman og ræði saman á jafnréttisgrundvelli þar sem það eykur skilning á mismunandi stöðu fólks sem og ólíkri menningu. Í grunnskólanum mætast ólíkir menningarheimar og það er mikilvægt fyrir nemendur og skólustarfað að skólinn skilji og vinni markvisst að því að færa ólíka menningarheima nær hver öðrum.

Æskilegt er að umsjónarkennari sé sá fagaðili sem heldur utan um verkefnið, virkjar bæði börnin og foreldra og jafnvel systkini, afa og ömmur. Tilgangurinn er að veita foreldrum og börnum upplýsingar um hvert og eitt barn í bekknum sem og bakgrunn þess til að stuðla að gagnkvæmum skilningi og virðingu.

Markmið verkefnisins eru að:

1. Stuðla að gagnkvæmri virðingu og skilningi meðal allra í bekknum og kynnast hverju einstöku barni, fjölskyldu þess og bakgrunni.
2. Skapa nánd og traust í bekknum, bæði meðal barna og foreldra.
3. Fá upplýsingar frá foreldrum og stuðla að því að þeir kynnist.
4. Skapa góðan grundvöll fyrir öþugt samstarf fjölskyldna og skólans.

Framkvæmd:

Hægt er að nota verkefnið á öllum skólastigum og eins má nota efnið með elstu börnum leikskóla. Mælt er með því að það sé notað á yngsta stigi grunnskóla fyrir hóp eða bekk. Verkefnið er hægt að vinna á skólatíma. Upplagt er að nota „Ég og bekkurinn minn“ í lífsleikni eða samfélagsfræði í 1. eða 2. bekk og jafnvel íslensku. Það hentar einnig vel fyrir bekkjarkvöld með foreldrum, einkum meðal yngri nemenda, sem þurfa töluverða aðstoð við að skrifa og framkvæma verkefnið.

Á skólatíma

- Hvert barn fær eitt veggspjald og hugar að texta um sína fjölskyldu og bakgrunn hennar samkvæmt því sem kemur fram á plakatinu.

- Börnin skiptast á að fá lánaða með heim stafræna myndavél skólans og taka myndir heima.
- Börnin eru einnig beðin um að koma með fjölskyldumyndir og myndir af heimahögum sem hægt er að skanna inn í rituðu frásögnina.

Á bekkjarkvöldi

- Verkefnið er sent heim með nokkurra daga fyrirvara með leiðbeiningum um að börnunum sé ætlað, ásamt foreldrunum, að skrifa um fjölskylduna og bakgrunn hennar. Sagt er frá því að á veggspjaldinu sé gert ráð fyrir að sagt sé frá hvaðan fjölskyldan kemur, um hefðir, siði og venjur. Börnin segja frá fjölskyldu sinni, hvar það býr, hvar foreldrarnir vinna og áhugamálum sínum og fjölskyldunnar. Benda má foreldrum á að velja að útskýra siði í kringum eina hátíð t.d. jól, páska eða fermingu.
- Börnunum er falið að taka myndir heima áður en fjölskyldurnar og kennarinn koma saman og ljúka við verkefnið á bekkjarkvöldi.
- Á bekkjarkvöldi vinnur hver fjölskylda að því að setja á plakatið upplýsingar sem unnar hafa verið heima sem og þær myndir sem þau hafa meðferðis.

Kynning á verkefninu:

Hvert barn kynnir sína fjölskyldu. Kynningarnar má útfæra á margvíslegan hátt:

- Sem veggspjöld á bekkjarkvöldi þar sem börnin útskýra það sem þar kemur fram. Þar geta fjölskyldur einnig komið með „sýnishorn“ af mat eða hlutum frá sínu föðurlandi.
- Ljósmyndasýning (skjásýning), með myndum sem börnin tóku á stafrænu vélina, er sýnd á bekkjarkvöldi.
- Sem veggspjöld sem hengd eru upp í kennslustofu/skólanum.
- Allir fá „bók“ með A4 afritum af verkefnum allra í bekknum.
- Efninu er safnað í möppu sem er geymd í skólanum og er m.a. aðgengileg fyrir nýja nemendur og gesti bekkjarins.
- Efnið er sett inn á lokað svæði í Mentor. Þar má einnig setja inn stafrænar myndir sem börnin tóku heima sem og skannaðar myndir frá heimilinu.

Matsblað

Ég og bekkurinn minn

Hvernig nýttir þú þér efnið?

Hvernig var kynningu á verkefninu háttað í lokin?

Hve mikill tími var notaður í verkefnið?

Hvað telur þú jákvæðast við verkefnið?

Er eitthvað neikvætt eða óhentugt við verkefnið?

Hvernig metur þú upplifun nemenda af því að vinna verkefnið?

Matsblað

Ég og bekkurinn minn

Hvernig metur þú upplifun foreldra af því að vinna verkefnið?

Hefur þú tillögu að endurbótum verkefnisins?

Telur þú að markmiðin hað náðst?

Aðrar athugasemdir?

